

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg

101 Reykjavík

Reykjavík, 4. júlí 2019

Vísað er til bréfs ráðuneytisins, dags. 1. júlí 2019, til nefndar til að meta hæfni umsækjenda um embætti seðlabankastjóra.

Í bréfinu er vísað til þess að hinn 20. júní sl. hafi Alþingi samþykkt frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands og frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna sameiningar Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins, en lög þessi munu taka gildi 1. janúar nk. Þá segir í bréfinu: „Þegar embætti seðlabankastjóra var auglýst laust til umsóknar 20. febrúar sl. og þegar hæfnisnefndin vann mat sitt skv. 2. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands lá ekki fyrir niðurstaða Alþingis um framangreindar breytingar á lagaumgjörð Seðlabanka Íslands sem nú hafa verið samþykktar. Var nefndinni því rétt að afmarka athugun sína á hæfni umsækjenda við starfsskyldur seðlabankastjóra eins og þær eru í dag að óbreyttu. Þrátt fyrir að nýsamþykkt lög hafi ekki tekið gildi, og verði því ekki lögð til grundvallar sem slík við skipun í embætti seðlabankastjóra fyrir gildistöku laganna, fela þau engu að síður í sér áreiðanlegar upplýsingar um framtíðarskipulag og verkefni stofnunarinnar og þar með starfsumhverfi seðlabankastjóra sem veita mun stofnuninni forstöðu eftir gildistöku laganna. Er því að mati ráðuneytisins málefnalegt að hafa framangreindar breytingar til hliðsjónar við mat á hæfni umsækjenda um embættið samkvæmt gildandi lögum.

Með hliðsjón af framangreindu óskar ráðuneytið eftir því að nefndin meti hvort þær breytingar, sem nú er fyrirjáanlegt að verði á starfsumhverfi seðlabankastjóra, kalli að einhverju leyti á breytt mat á hæfni umsækjenda um embættið, svo sem breytt innbyrðis vægi einstakra hæfnispáttá. Ráðuneytið ítrekar þó að hin almennu hæfnisskilyrði hinna nýsamþykktu laga sem öðlast munu gildi 1. janúar 2020 eru þau sömu og í gildandi lögum.

Ráðuneytið fer þess á leit að endurskoðuð umsögn með efnisbreytingum ef við á, berist ráðuneytinu eigi síðar en 4. júlí nk. Þá er þess jafnframt óskað að í umsögn nefndarinnar komi fram innbyrðis vægi einstakra efnispáttá sem liggja til grundvallar mati nefndarinnar á hæfni umsækjenda.“

Nefndin leggur áherslu á það að hún hafi með umsögn þeirri sem hún skilaði 25. júní sl. unnið það verk sem henni var falið í skipunarbréfi ráðuneytisins dags. 7. maí sl. og er það staðfest í ofangreindu bréfi ráðuneytisins. Þá ítrekar nefndin það sem fram kom í umsögn nefndarinnar, dags. 25. júní sl., að í auglýsingu um laust starf seðlabankastjóra og í skipunarbréfi nefndarinnar miðuðust störf nefndarinnar við nógildandi seðlabankalög og nefndinni var ekki heimilt að hafa hliðsjón af lögum sem hafa ekki tekið gildi. Þá bendir nefndin á að í ákvæði til bráðabirgða nr. II í nýjum lögum um Seðlabanka Íslands sem taka munu gildi 1. janúar n.k. er tekið fram að seðlabankastjóri skuli við gildistöku laganna halda embætti sínu til loka skipunartíma síns. Það felur í sér að sá seðlabankastjóri sem taka mun við embætti 20. ágúst n.k. verður skipaður á grundvelli nógildandi laga, en ekki laga sem ekki hafa tekið gildi. Nefndin mun því ekki breyta umsögn sinni. Þrátt fyrir framanritað mun nefndin engu að síður leitast við að svara bréfi ráðuneytisins, en það svar verður að skoða með tilliti til þess að nefndinni var veittur skammur frestur til að svara erindinu. Skoðun nefndarinnar nú grundvallast því aðeins á þeim gögnum sem umsækjendur sendu sjálfir inn og viðtölum eftir því sem við á.

Nefndin hefur borið saman lögbundin verkefni seðlabankastjóra samkvæmt núgildandi lögum og þeim lögum sem taka munu gildi 1. janúar n.k. með hliðsjón af því hvort lagabreytingarnar kalli að einhverju leyti á breytt mat á hæfni umsækjenda um embættið. Við gildistöku nýrra laga þá telur nefndin að það verði a.m.k. eftirtaldar breytingar á lögbundnu hlutverki seðlabankastjóra.

- Samkvæmt lögnum mun fjármálaeftirlitsnefnd fara með vald til að taka tilteknar ákvarðanir sem Fjármálaeftirlitið fer nú með samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Seðlabankastjóri verður þó ekki formaður nefndarinnar nema þegar kemur að ákvörðunum um framsal valds til varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits til töku ákvarðana sem teljast ekki meiri háttar ákvarðanir sem og ákvarðana sem varða eigið fé, laust fé og fjármögnun kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja.

Samkvæmt núgildandi lögum hefur Seðlabankinn heimild til að setja lánastofnunum reglur, þ.m.t. um laust fé, stöðuga fjármögnun, gjaldeyrisjöfnuð og útlán tengd erlendum gjaldmiðlum. Bankinn hefur sett reglur og hefur eftirlit með lausu fé, stöðugri fjármögnun og gjaldeyrisjöfnuði hjá lánastofnunum. Lögbundið hlutverk seðlabankastjóra breytist nokkuð að umfangi en nefndin telur að hlutverkið breytist ekki mikið að efni. Nefndin hafði hliðsjón af þessu við mat sitt á hæfni umsækjenda.

- Umgjörð ákvarðanatöku um beitingu stjórnækja varðandi fjármálastöðugleika breytist nokkuð með gildistöku nýrra laga. Stjórnækki fjármálastöðugleika munu nú heyra beint undir Seðlabankann og ákvarðanir um beitingu þeirra verða í höndum fjármálastöðugleikanefndar sem lýtur formennsku seðlabankastjóra.

Í núgildandi lögum fer seðlabankastjóri með formennsku í kerfisáhættunefnd sem leggur mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika. Seðlabankastjóri er formaður kerfisáhættunefndar. Kerfisáhættunefnd gerir síðan tillögu til fjármálastöðugleikaráðs um beitingu stjórnækja varðandi fjármálastöðugleika. Seðlabankastjóri er einn þriggja nefndarmanna í fjármálastöðugleikaráði sem lýtur formennsku fjármálaráðherra.

Þrátt fyrir að umgjörð ákvörðunartöku um beitingu stjórnækja fjármálastöðugleika breytist nokkuð þá telur nefndin að ábyrgð seðlabankastjóra sé áþekk og þar með einnig mikilvægi þekkingar og reynslu umsækjenda um starf seðlabankastjóra á þessu lögbundna hlutverki Seðlabankans. Nefndin tók tillit til þessa í mati sínu.

- Fjármálaeftirlitið er opinber stofnun og verður við stjórnsýslulegar ákvarðanir sínar að hafa hliðsjón af stjórnsýslulögum og lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, svo dæmi séu tekin. Þessar ákvarðanir munu flytjast til Seðlabankans þegar ný lög taka gildi um áramótin. Seðlabankastjóri mun því þurfa að huga enn meir að stjórnsýslulögum. Það er þó vert að benda á að seðlabankastjóri mun ekki taka þátt í stjórnvaldsákvörðunum hvað viðskiptaháttaeftirlit varðar þar sem formennska í fjármálaeftirlitsnefnd, sem tekur slíkar ákvarðanir, verður í höndum varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits.

Seðlabankinn er opinber stofnun og þarf því að gæta að stjórnsýslulögum, lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, upplýsingalögum, jafnstöðulögum svo nokkur dæmi séu nefnd. Nefndin tók því nokkuð ríkt tillit til reynslu og þekkingar á opinberri stjórnsýslu í umsögn sinni og telur ekki þörf á að auka vægi á þeim þætti.

- Fyrirsjáanlegt er að stjórnskipulag Seðlabankans breytist umtalsvert við gildistöku nýrra laga, bæði að umfangi og samsetningu. Mannaforráð munu aukast og það mun reyna sérstaklega á breytingastjórnun á fyrstu misserunum eftir samrunann. Til mótvægis má nefna að nýju lögin sem taka gildi 1. janúar n.k. gera ráð fyrir því að margar af þeim ákvörðunum, þ.m.t. stjórnunarlegum, sem samkvæmt núgildandi lögum heyra undir seðlabankastjóra munu heyra undir fjölskipað vald seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra. Þá er seðlabankastjóra í sjálfsvald sett hvort að hann styrki stjórnendateymi sitt tímabundið á meðan að samruna stofnananna stendur. Þrátt fyrir aukið umfang og breytta ábyrgð þá er stjórnun seðlabankastjóra eftir sem áður fólgin í því að vera stjórnandi fjölbreytts hóp stjórnenda.

Við mat á hæfileikum í stjórnun byggði nefndin á reynslu umsækjenda af stjórnun, reynslu í að samþætta mismunandi sjónarmið sérfræðinga og umfangi þeirra mannaforráða sem þeir hafa haft. Fáir umsækjendur höfðu nokkra reynslu í að sameina stofnanir eða stærri fyrirtæki, en þar sem sú reynsla var til staðar var tekið fullt tillit til þess í matinu.

Eftir yfirferð á ítarlegum gögnum umsækjenda með hliðsjón af lögnum sem samþykkt voru 20. júní s.l. og á grundvelli þess sem fram kemur hér að ofan telur nefndin ekki ástæðu til að breyta heildarniðurstöðunni né mati á hæfni einstakra umsækjenda, eins og það var kynnt í umsögn nefndarinnar 25. júní sl.

Í bréfi ráðuneytisins var óskað eftir upplýsingum um innbyrðis vægi einstakra hæfnispáttá sem lágu til grundvallar mati nefndarinnar á hæfni umsækjenda. Nefndin lagði heildstætt mat á umsækjendur, en eins og fram kom í umsögn nefndarinnar var viðtæk reynsla og þekking á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum talinn sérlega mikilvægur hæfnispáttur. Hjá umsækjendum kom fram skýr munur gagnvart þessum efnispætti sem hafði áhrif á niðurstöðu heildarmatsins. Eins og lýst er hér að framan telur nefndin að nýju lögin muni ekki leiða til grundvallarbreytinga á lögbundnum verkefnum seðlabankastjóra. Nefndin telur ekki ástæðu til þess að breyta vægi einstakra hæfnispáttá sem lagðir voru fram til grundvallar á mati um hæfni umsækjenda um stöðu seðlabankastjóra Seðlabanka Íslands.

Með hliðsjón af nýjum lögum og á grundvelli þess sem fram kemur hér að ofan stendur umsögn nefndarinnar frá 25. júní síðastliðnum óbreytt.

Virðingarfyllst,

Sigríður Benediksdóttir

Eyjólfur Guðmundsson

Þórunn Guðmundsdóttir